

Námsáætlun - 2023 - 2024
Franska 6.bekkur - VAL (FRAN2VA05)
París, menning, saga og daglegt líf

Kennslugögn:

- Fjölritað efni frá kennara
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, fréttatengt efni, blaðagreinar, ljóð, stuttmyndir, sjónvarpsþættir, kvikmyndir o.fl.
- Mappa / möppur til að safna í efni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók eða laus línustrikuð blöð.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu) :
 - Snara: <https://snara.is/>
 - Lexía : <https://lexia.hi.is/is/> (íslensk / frönsk)

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Markmiðið er að nemendur kynnist borginni, sögu hennar og nái færni í að bjarga sér við mismunandi aðstæður í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmskonar efni tengt borginni, texta, stuttmyndir og kvikmyndir, efni af samfélagsmiðlum, lagatexta og fleira. Sérstök áhersla verður lögð á að æfa tal og samskipti við mismunandi aðstæður. Til að þjálfa þessi atriði munu nemendur vinna margskonar samtalsverkefni og halda kynningar um ýmislegt sem tengist borginni.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynnst lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Eftir heimkomu munu nemendur vinna að lokaverkefninu. Skylduþáttaka er í ferðina.

Athugið að áfanginn er þriggja eininga. Tveir tímar eru í töflu, þriðji tíminn er ætlaður í ferðina til Parísar.

Námsmat:

Námsmatið er símat sem byggir á skilaverkefnum, frammistöðu og þáttöku nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, fyrir, í og eftir ferð. Öll verkefni og próf gilda til lokaeinkunnar.

Einnig er farið fram á 100% mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

• **20% : smærri verkefni, ástundun og þáttaka í tímum**

• **80 % : skilaverkefni (skrifleg, munnleg, myndbönd o.s.frv.)**

Möguleg verkefni:

- Myndbönd (senur úr daglegum aðstæðum, kynningar o.fl.)
- Reels um Reykjavík
- Kynningar /fyrirlestrar: áhugaverðir staðir í París
- „Jeu de rôle“ – leiknar senur úr daglegu lífi undirbúnar og leiknar í tíma
- Skrifleg ferðaáætlun
- ...

Kennsluáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar.

Mikilvægt!

- Mætingaskilda er í alla tíma.
- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öll stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð-og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema verið sé að vinna að verkefnum í tíma.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma hlýtur viðkomandi einkunnina 0.